

MYNDLISTASKÓLINN

HRINGBRAUT 121, 101 REYKJAVÍK

Í REYKJAVÍK

WWW.MIR.IS @MYNDLISTASKOLINN

Um sóttvarnir

Kæru nemendur

Okkur er mikið í mun að geta haldið skólanum opnum og vonum auðvitað að enginn þurfi að fara í sóttkví eftir kennslustund hjá okkur. Við gerum líka ráð fyrir því að þið viljið síður eiga á hættu að smitast. Þessvegna leggjum við áfram ríka áherslu á sóttvarnir.

Hver og ein kennslustofa er afmarkað sóttvarnasvæði sem er sótthreinsað á milli hópa. Gangar eru eingöngu til þess að fólk komist leiðar sinnar inn og út úr húsi. Kaffistofa skólans er enn lokuð og ekki í boði að nota leirtau eða annan búnað sem þar er.

Ef þið þurfið að nærast er ykkur frjálst að koma með nesti og við hvetjum ykkur til að koma með vatn í flösku, kaffi á brúsa (og eitthvað til að drekka úr) eða önnur drykkjarföng til að hressa ykkur á.

Þess ber að geta að einn nemandi í dagskóla er í sóttkví þar sem smit greindist hjá tengdum einstaklingi. Viðkomandi er alveg einkannalaus og því er ekki talin ástæða til að setja fleiri innan skólans í sóttkví. En þetta er okkur áminning um að við þurfum áfram að fara mjög varlega.

Með bestu kveðjum,
skólameistari